

Fundargerð stjórnar

97. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn mánudaginn 1. mars, 2010 kl. 12.00 að Austurvegi 52 Selfossi, Slökkvistöð

Mætt:

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson,
Margeir Ingólfsson.

Einnig mætti á fundinn:

Sigurður Sigurjónsson, lögfræðingur og Kristján Einarsson,
slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð

1. Starfsmannamál

a) Yfirferð á ráðningarsamningum og starfslýsingum

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að ráðningarsamningum og starfslýsingum sem hann var beðin að vinna út frá þeim samningum sem í gildi eru hjá BÁ og einnig þeim samningum sem unnið er eftir innan brunageirans.

Um er að ræða ráðningarsamningur ásamt starfslýsingu fyrir varaslökkviliðsstjóra og starfsmanns í þjónustustöð eldvarnarbúnaðar.

Samþykkt að vinna út frá fyrirbyggjandi gögnum, Sigurði falið að yfirfara gögnin frekar og senda niðurstöður á formann og sl.stjóra.

b) Auglýsingar um störf.

Á fundinum voru samdar auglýsingar fyrir þau störf sem í boði eru hjá BÁ, 100% staða varaslökkviliðsstjóra og 50% staða starfsmanns í þjónustustöð eldvarnarbúnaðar.

Auglýsingar verða birtar í héraðsblöðunum, umsóknarfrestur er til 19. mars n.k.

2. Starfsmannamál

Fært í trúnaðarbók.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 14.35

Margrét K. Erlingsdóttir, Ólafur F. Leifsson, Margeir Ingólfsson,
Kristján Einarsson